

Mál nr. 4/2015
Tindastóll
gegn
Fjarðarbyggð/Leiknir/Höttur

Kæra Tindastóls

Dómkröfur:

Kærandi krefst þess að úrslit leiks Fjarðarbyggð/Leiknir/Höttur gegn Tindastól/Hvöt í 3. flokki kvenna sem fór fram miðvikudaginn 26. ágúst 2015 kl. 18:00 í Fjarðarbyggðarhöllinni á Reyðarfirði verði dæmdur tapaður 0-3, Tindastól/Hvöt í vil.

Málavextir:

Leikur Fjarðarbyggðar/Leiknis/Hattar geng Tindastól/Hvöt fór fram miðvikudaginn 26. ágúst 2015, kl. 18:00 í Fjarðarbyggðarhöllinni þar sem Fellavöllur var óleikfær vegna bleytu. Leikurinn endaði 6-5. Fjarðarbyggð/Leikni/Hetti í vil. Fjarðarbyggð/Leiknir/Höttur tefldi fram ólöglega skipuðu liði því leikmaður nr. 12, Magnea Björg Kristinsdóttir, markmaður, sem spilaði í byrjunarliði liðsins, var skráð í Knattspyrnufélag Akureyrar (KA) á leikdegi.

Tilvísun:

Kærandi byggir kröfur sínar fyrst og fremst á 40.gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, auk 3.1. gr. og 3.2. gr. sömu reglugerðar. Þá byggir kærandi jafnfram kröfur sínar á 3.1. gr. og 3.2. gr. reglugerðar um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og samninga.

Röksemdir:

Kærandi byggir kröfur sínar fyrst og fremst á 40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót þar sem segir að lið sem mætir ólöglega skilað til leiks telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3. Eins og list var í málavöxtum tefldi kærði fram leikmanni í byrjunarliði sem ekki hafði keppnisleyfi með liðinu og er því um ólöglega skilað lið að ræða. Magnea Björg Kristjánsdóttir, markmaður byrjunarliðs kærða í leiknum, var skráð í KA á leikdegi og hafði því ekki keppnisleyfi skv. 3.1. gr. og 3.2. gr. reglugerðar um knattspyrnumót og 3.1. gr. og 3.2. gr. reglugerðar um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, með kærða í leik þeirra við Tindastól/Hvöt í Fjarðarbyggðarhöllinni þann 26. ágúst sl.

Ástæða þess að kærandi gerði ekki athugasemd við þetta fyrir leikliðanna, er sú að hvorki leikmenn né aðstandendur kæranda vissu að umræddur leikmaður hefði ekki keppnisleyfi. Það uppgötvaðist ekki fyrir en að leik loknum.

Sönnunargögn:

1. Kærandi bendir á leikskýrslu á vef KSÍ og einnig útprentun á viðkomandi leikskýrslu.
2. Útprentun af vefsíðu KSÍ, dags. 30. ágúst 2015

Vitni:

Skúli V. Jónsson

Virðingarfyllst,

Skúli V. Jónsson

Greinargerð Fjarðarbyggðar/Leiknis/Hattar

Þá héldum við að Magnea væri lögleg með okkur vegna þess að hún hafði búið á Fáskrúðsfirði í tvö ár án þess að spila í Íslandsmóti.

Kv Helgi Moli.

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2015, miðvikudaginn 2. september er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Halldóri Frímannssyni og Sigurði I. Halldórssyni

Fyrir er tekið málið nr. 4 / 2015

Knattspyrnudeild Tindastóls

gegn
Fjarðarbyggð/Leiknir/Höttur

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi: Knattspyrnudeild Tindastóls vegna
Tindastóls/Hvatar
Kennitala: 690390-1249,
Víðigrund 5, Sauðárkróki

Kærði: Fjarðarbyggð/Leiknir/Höttur
Kennitala: 660109-0210,
Austurvegi 20, Reyðarfirði

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ innan kærufrests. Dómari gaf hinu kærða félagi, Fjarðarbyggð/Leikni/Hvöt kost á að gera athugasemdir við kærana innan sólarhrings vega eðli málsins. Svar barst með tölvupósti þann 1. september s.l. Þar kemur fram að hið kærða félag taldi sig vera að nota löglegan leikmann þar sem hann hafði ekki leikið í 2 ár.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslit í leiks Fjarðarbyggð/Leiknir/Höttur gegn Tindastóll/Hvöt í 3. flokki kvenna sem fór fram miðvikudaginn 26 ágúst verði 0-3.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Í kæru er málavöxtum lýst þannig: "Leikur Fjarðarbyggðar/Leiknis/Hattar gegn

Tindastóli/Hvatar(sic) fór fram miðvikudaginn 26 ágúst í Fjarðarbyggðarhöllinni þar sem Fellavöllur var óleikfær vegna bleytu. Í umræddum leik byrjaði leikinn markvörður númer 12. Magnea Björg Kristjánsdóttir en hún er skráð leikmaður KA og því ólögleg til að spila þennan leik. Kærðu tefla því fram ólöglegu liði samkvæmt grein 40.1.

Þar sem þessi leikur endaði 6 – 5 fyrir kærðu og markvörður sem spilar allan fyrri hálfleikinn er ekki leikmaður kærðu teljum við að kærðu hafi ekki teflt fram löglegu liði og þessi leikur skiptir töluverðu máli í baráttu um sæti í úrslitakeppninni óskum eftir að úrslitunum verði breyt í 0-3 sigur fyrir Tindastól/Hvöt.

Ástæða þess að kærandi gerði ekki athugasemd við þetta fyrir leik liðanna, er sú að hvorki leikmenn né aðstandendur kæranda vissu að umræddur leikmaður hefði ekki keppnisleyfi. Það uppgötvaðist ekki fyrr en að leik loknum.“

Vísan í lög og reglugerðir

Kærandi byggir kröfur sína fyrst og fremst á 40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, auk 3.1.gr. og 3.2. gr. sömu reglugerðar. Þá byggir kærandi jafnframt kröfur sínar á 3 1. gr og 3.2. gr. reglugerðar um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og samninga.

Sönnunargögn

Kærandi vísar í leikskýrslu á vef KSÍ og einnig útprentun á viðkomandi leikskýrslu. og sem vitni í málinu er tilgreindur Skúli V Jónsson.

III

Niðurstaða:

Hið kærða félag svaraði eins og áður hefur fram komið með tölvupósti þann 1. september s.l., en þar kemur fram að hið kærða félag taldi sig vera í góðri trú að leikmanninum Magneu Björgu Kristjánsdóttur væri heimilt að leika með liði kærða í umræddum leik, en til slíks hefur leikmaðurinn ekki fengið keppnisleyfi hjá KSÍ.

Ber því að taka kröfu kæranda til greina, enda er hér um að ræða brot á grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Úrslitum framangreinds leiks sem fram fór þann 26.8. sl. er breytt þannig að kæranda, Tindastól/Hvöt verði dæmdur 3-0 sigur vegna ólöglegs leikmanns í liði Fjarðarbyggðar/Leiknis/Hattar

Ekki verður hjá því komist að sekta hið kærða félag um kr. 15.000.- vegna framangreinds brots.

Úrskurðarorð:

Leikur Tindastóls(Hvatar gegn Fjarðarbyggð/Leikni/Hetti í 3.flokki kvenna sem fram fór þann 26.8. s.l. skal dæmdur tapaður fyrir Fjarðarbyggð/Leikni/Hött með markatölunni 0-3.

Fjarðarbyggð/Leiknir/Höttur ber að greiða kr 15.000.- í sekt til KSÍ.

Gunnar Guðmundsson

Halldór Frímansson

Sigurður I Halldórsson

Um áfrýjun:

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.